



Borgarráð

Reykjavík, 24. mars 2025

MSS25030110

**Viljayfirlýsing um aðgerðir til að auka framboð húsnæðis og flýta innviðauppbbyggingu í Reykjavík**

Lagt er til að borgarráð staðfesti hjálagða viljayfirlýsingu á milli Reykjavíkurborgar, ASÍ og BSRB um aðgerðir til að auka framboð húsnæðis og flýta innviðauppbbyggingu í Reykjavík.

Málið er trúnaðarmál fram yfir húsnæðisfund borgarstjóra sem haldinn verður 28. mars 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt: Viljayfirlýsing um aðgerðir til að auka framboð húsnæðis og flýta innviðauppbbyggingu í Reykjavík, ódags.



## Viljayfirlýsing

### um aðgerðir til að auka framboð húsnæðis og flýta innviðaupbyggingu í Reykjavík

Með þessari viljayfirlýsingu vill, verkalýðshreyfingin og Reykjavíkurborg hefja nýja sókn í húsnæðismálum.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík, Alþýðusamband Íslands (ASÍ), kt. 420169-6209, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, og BSRB kt. 440169-0159, Grettisgötu 89, Reykjavík, hafa með samvinnu sinni undanfarin ár brotið blað í húsnæðismálum eftir stofnun ASÍ og BSRB á Bjargi og síðar Blæ og úthlutun Reykjavíkurborgar á stofnframlögum í formi fjölmargra lóða til uppbyggingar almennra íbúða í eigu þessara félaga. Þannig hefur á annað þúsund efnaminni fjölskyldum á vinnumarkaði verið tryggt öruggt þak yfir höfuðið. Árangur verkefnisins hefur verið mikill og þá er eftirspurn eftir áframhaldandi uppbyggingu ótvíræður eins og biðlistar bera með sér.

Aðilar að þessari viljayfirlýsingu eru sammála um að skoða nýjar leiðir til þess að auka framboð og hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík og þannig stuðla að auknu jafnvægi á fasteignamarkaði. Í því skyni verður starfshópur, skipaður tveimur fulltrúum frá hverjum þessara aðila, falið að setja fram hugmyndir að verkefnum sem geta skapað sóknarfæri í núverandi ástandi.

Helstu verkefni starfshópsins eru:

- Kanna hvort hægt er að flýta uppbyggingu húsnæðis í Úlfarsárdal (M22) með aðkomu innviðasjóðs í eigu lífeyrissjóða.
- Kortlagning mögulega áframhaldandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til næstu 10-15 ára, m.a. byggt á þeim sóknarfærum sem skapast á grunni uppfærðs samgöngusáttmála.
- Rýna árangur verkefnisins „húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur“ og gera tillögur að hugsanlegum breytingum, nýjum svæðum til lóðaúthlutana eða annarra leiða til að fjölga slíkum íbúðum og úthlutunarreglum fyrir annan fasa verkefnisins.

Starfshópur mun hefja störf strax og stefnt er að því að hann skili niðurstöðum sínum í lok maí. Kostnaður við undirbúninginn skiptist jafnt á milli aðila. Aðilar eru sammála um að þegar niðurstöður starfshópsins liggi fyrir verði metið hvort og þá á hvaða grunni verði unnið áfram með niðurstöðurnar.

Reykjavík, \_\_\_\_ mars 2024

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Alþýðusambands Íslands

F.h. BSRB



Reykjavík